



# MYND2TK05

## Kennsluáætlun – haustönn 2015

Fjölbautaskóli Suðurlands

---

### Kennrarar áfangans:

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

### Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur og æfa grunnatriði teikningar. Farið í mikilvægu línu í allri teikningu,

skyggingar æfðar, lögð áhersla á að þjálfa formskilning með greiningu einfaldra forma.

Rúðustækkun og hlutföll. Farið í eins- og tveggjapunkta fjarvídd.

### Markmið áfangans:

#### Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- möguleikum blýantsins
- mikilvægi línu
- áhrifum skugga og ljóss
- tvívíðum og þríviðum formum
- eins- og tveggjapunkta fjarvídd (fleiri kynntar)

#### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna trúverðuga skyggingu með blýanti með mikilli dýpt þar sem öllum tónum grátónaskalans er beitt sem og sýnt fram á mikilvægi á beytingu línu.
- teikna þríviðu grunnformi með og án skyggingar.
- teikna fjarvíddarmyndir innan húss og utan með hjálp eins- og tveggjapunkta fjarvíddartækni og skyggt með blýanti eða litum.
- að mæla út hlutföll og nýta í sinni teikningu.
- að teikna með rúðustækkun flóknari hluti með grunnformin í huga.

#### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- skynja og sjá að allt er samsett úr grunnformum sem línur mynda.
- teikna upp raunsæja mynd af hlutum og umhverfi sínu.
- teikna út frá eigin hugmyndum sem og fyrirmyndum.

## **Kennslubækur og kennslugögn**

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

## **Kröfur og verkefnaskil**

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur fá í hendur blýanta og stroklaður sem þeir sjá um út önnina. Ef nemendur týna þessu verða þeir sjálfir að útvega ný verkfæri.
- Nemendur geymi áhöldin, skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhlti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

## **Efnisgjald**

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst eða síðasta lagi fyrir 1. sept. 2015.

## **Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni**

- |                           |                       |
|---------------------------|-----------------------|
| • Mappa (5%)              | 1. vika, lokið 21. ág |
| • Skyggingaraðferðir (5%) | 24.- 28.ág.           |
| • Þrívíð grunnform (5%)   | 31.ág.- 4.sept.       |
| • Raunsæi – abstrakt (5%) | 7.sept.- 18.sept.     |
| • Fjarvídd (10%)          | 21.sept.- 2.okt.      |
| • Fjarvídd í FSu (15%)    | 5.okt.- 15.okt        |
| • Sívöl form (15%)        | 20.okt.- 30.okt       |
| • Rúðustækkun (15%)       | 2.nov.- 13.nov.       |
| • Modelteikning (10%)     | 16.nov.- 20.nov       |
| • Lokaverkefni (15%)      | 23.nov.- 4.des.       |

## **Annað**

- Tölvur og símar leyfðir í tínum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.